



CQ TF



1. tölublað 17. árgangur febrúar 1999

CQ TF er félagsblað ÍRA sem er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra.

ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radíófjarskipta.
- Örva radíófróttir meðal radíóamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 1998-1999 eru:

Formaður:

Haraldur Þórðarson TF3HP

Varamaður:

Heimir S. Jónsson TF3TXT

Ritari:

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS

Gjaldkeri:

Guðjón H. Egilsson TF3WOT

Spjaldskrárritari:

Bjarni Sverrisson TF3GB

Varamaður:

Friðrik Kristjánsson TF3FK

Varamaður:

Halldór Christensen TF3GC



LAØBX eða TF5SJ í útileikunum 1998 frá Noregi.

Mynd LAØBX

Meðal efnis í þessu blaði:

Frá Formanni	2
Fundargerðir stjórnarfundna	3
Reikningar ÍRA fyrir árið 1998	4
Desibel	5
Hugleiðingar um kennslumál	7
Loftnetið	8
Námskeið til prófs radíóamatöra	10
MORSE-GAMAN	11
Ævintýri úr útileikum	12
Keppni, eitthvað fyrir þig?	13
Úr ýmsum áttum	15
Félagsfundur - Aðalfundur	16

ÍRA hefur félagsaðstöðu í félagsmiðstöðinni Próttheimum Holtavegi 11 Reykjavík og eru fundir á hverju fimmtudagskvöldi. Póstfang ÍRA er: Íslenskir Radíóamatörar, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. ÍRA er með talhólf símanúmer þess er 881 2158 ÍRA er með heimasíðu á internetinu og er slóðin þangað <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið, amatörradíó og netútgáfu af CQ TF. Ritstjóri CQ TF er Brynjólfur Jónsson TF5BW.

Frá formanni

Ágætu félagar.

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs árs og þakka ykkur fyrir samstarfið á árinu sem er nýliðið.

Eitt er það sem veldur mér áhyggjum, eins og vonandi ykkur líka, en það er hversu lítil fjölgun er í röðum amatöra en því miður er það ekkert einsdæmi í heimi radíóamatöra. Í þessari harðnandi samkeppni um tómsundur. og því má þakka fyrir hvern einn sem sýnir þessu einhvern áhuga og því verðum við að vera vakandi og með hjálparhendi yfir þeim sem koma.. Nokkrir hafa haft samband við stjórnarmeðlimi og spurst fyrir um námskeið til amatörrettinda. Og ef allt hefur gengið eftir þá ætti á þessari stundu vera í gangi námskeið fyrir þá.

Ég hafði fyrir nokkrum vikum samband við Björn

Bjarnason menntamálaráðherra varðandi útgáfu námsefnis á íslensku fyrir radíóamatöra og reyndi þar að upphefja okkur og rökstuddi að hann sem ráðherra menntamála á Íslandi gæti ekki annað en bent okkur á einhverja digra sjóði til útgáfustarfsemi. Svar hans var á þá leið að þar sem þetta félli ekki undir reglulega kennslu í grunn- eða framhaldsskóla gæti hann ekki stutt við bakið á okkur. En taldi að samgönguráðuneytið gæti sennilega!! komið þarna að eða kannski Landsíminn hf. væri aflögufær handa okkur.

Framkvæmdir eru nú hafnar á íþróttavelli Þróttar og hefur verði grafið fyrir gatnakerfi og er því væntanlega ekki langt í að byggingarframkvæmdir verði hafnar á svæðinu, enn hefur ekkert verið upplýst um framtíð Þrótttheima.

Húsnæðismálin hafa verið mjög í brennidepli hjá okkur og við reynt að vera eins vel vakandi og hægt er og margsinnis haft samband við Reykjavíkurborg

til að kanna ástandið. Einna helst hefur verið um að ræða skammtímalausnir sem ekki hafa komið til greina. Til dæmis hús sem hafa átt stutt eftir í það að verða rifin, eða flutt annað, og þannig gengið okkur úr greipum.

Ritstjóri CQ TF hefur nýlega vakið athygli á því að mikið megi spara í útgáfukostnaði með því að þeir sem hafi aðgang að "netinu" fái blaðið sent í tölvupósti og prenti það út sjálfir. Þetta gæti munað allt að 40 til 50 þúsund krónum á ári sem gæti þá komið upp í húsaleigukostnað, ef til kæmi, og ég hvet ykkur sem eigið þess kost að taka við blaðinu þannig, að gera það, en vitanlega er það undir vilja ykkar komið.



Í lögum fyrir félagið segir að "hver sá sem skuldar tvö ár eða meira skuli falla út af félagsskrá. Þeim félögum sem þannig er ástatt fyrir verður mjög

bráðlega gert viðvart með bréfi frá gjaldkera og frá næsta aðalfundi verða viðkomandi ekki félagar. Að fella menn út af félagaskrá er slæmur kostur fyrir félag eins og ÍRA vegna tapaðra félagsgjalda og ekki síst það að eftirsjá er af hverjum og einum sem hættir í félaginu.

Fundur um reglugerðarmál okkar verður sunnudaginn nk. 14 feb. Fundarstaður verður Þróttheimar kl 13.00. Það er von mín að á þeim fundi verði komist að niðurstöðu sem allir geti fallist á.

Aðalfundur verður nk. 28 feb. Fundarstaður verður sem fyrr í Þróttheimum og hefst fundurinn kl 13.00. Ég vil nota tækifærið og minna ykkur á að breytingar á félagslögum þurfa að berast til stjórnar með löglegum fyrirvara.

Fundargerðir stjórnarfunda

Stjórnarfundur ÍRA haldinn að Gunnarsbraut 36 miðvikudaginn 09. 12. 1998 hófst kl. 21:00

Allir stjórnarmenn mættir.

1. Boð Landssímans og heimsókn W2NSD rætt og voru menn á einu máli að einstaklega skemmtilega hefði tekist til. Var þátttaka meiri en vanalega, um 40 manns. Ákveðið að láta stækka hópmynd sem tekin var í boðinu og færa símanum að gjöf með þökkum fyrir móttökurnar.

2. Ritari sagði frá landakorti sem Sigurður Lýðsson TF3__ hafði fært félaginu til að hafa við stöðina í Þróttheimum. Kortið heimskort er með Reykjanes sem miðpunkt.

3. Formaður greindi frá B-leyfisumsókn TF3AO. Stöðvardagbók lá fyrir og stóðst hún öll skilyrði. Einróma samþykkt að mæla með leyfinu.

4. Formaður rakti stöðu væntanlegra námskeiða og hafa fengist tveir kennarar eftir áramótin til að segja til á A/T námskeiði, Halldór K. Högnason, TF3DKT og Vilhjálmur Kjartansson TF3DX en fleiri eru væntanlegir. Þá hefur Eggert Steinsen, TF3AS veitt viljrði fyrir nýliðakennslu í samvinnu við aðra. Stefnit á að hefja námskeiðahald sem fyrst eftir áramót. Þar að auki hefur Kristján Benediktsson, TF3KB, boðist til að halda námskeið fyrir væntanlega morsekennara í sinni frægu og árangursríku hljóðlíkis- aðferð.

5. Formaður sagði frá tilboði um gerð félagsmerkja, kostnaður er allnokkur og magn einnig en margir telja þetta óaðskiljanlegan hluta af félagsstarfinu. Komu upp raddir um að láta gera merki og senda eintak til allra skuldlausra félaga án sérstaks endurgjalds. Þá er alltaf nokkur ásókn erlendra og innlendra safnara í merki af þessu tagi. Fundurinn fól formanni að kanna nánar hve kostnaður ykist með minnkuðu upplagi.

6. TF3WOT sagði frá fundi sínum með TF3DX þar sem þeir ræddu leiðir til að koma á morse-æfingum á tveggja metra bandi. Var hugmyndin sú að vera með e-k morse-námskeið í loftinu og yrði upphaf þess þá að koma mönnum til að smíða þann búnað sem þarf til að senda tónmótað morse með venjulegum tveggja metra stöðvum. Einnig yrðu þátttakendum kynntir morse-lyklar og lyklunar- búnaður af ýmsu tagi með hóppantanir í huga. Ritara var falið að kanna afstöðu Póst og fjarskipa- stofnunnar til málsins, en hugsanlega þarf að sækja um undanþágu fyrir T-leyfishafa til að æfa morse á

tveimur metrum.

7. Að tillögu formanns var samþykkt að taka Búra niður og færa til byggða, til prófana og viðgerða. Mætti setja hann upp í stað Páls í Kópavogi, þar sem hann var áður og reyndist vel. TF3VST kvaðst hafa varaafgjafa til umráða er mætti setja við endurvarpann og þáði stjórn það.

8. Samþykkt að sækja um leyfi til uppsetningar sísendis á Steingrímsfjarðarheiði og yrði hann á hinni nýju sísendatíðni fyrir TF; 144.460 með auðkenninu TF4VHF.

9. Umsóknir nýrra félaga. Umsóknir hafa borist og munu fleiri vera á leiðinni.

Fundi var slitið um 12:00

Fundargerð ritað TF3VST

Stjórnarfundur ÍRA haldinn 05. 01. 1999 að Gunnarsbraut 36 kl. 21.

Allir stjórnarmenn mættir.

1. Formaður hefir sent menntamálaráðherra bréf með fyrirspurn um möguleika á fjárstuðningi yfirvalda menntamála við námsefnisgerð á Íslensku fyrir radíóamatöra.

2. Formaður greindi frá stöðu mála varðandi leiðbeinendur á námskeiðum. Ekki er enn fullljóst hvort þeir TF3S og TF3AS hafa tök á nýliðakennslu, en TF3AX er hugsanlega einnig tiltækur. TF3VET er reiðubúinn að aðstoða við smíðakennslu.

3. Rætt um útgáfu ýmissa hluta tengdu merki félagsins sem selja mætti í hagnaðarskini auk þess að efla félagsvitund amatöra. Kemur þá til greina að gefa út barmmerki, einnig áprentaðar kaffikrúsir. Þá ræddi TF3VS möguleika á að gefa út möppu fyrir félaga sem gæti verið vísir að handbók ÍRA og hýst heimaútprentanir af CQ TF sem menn tækju af netinu. Lagði hann til að þeir félagar sem skuldbindu sig til að taka við fréttabréfinu í tölvusniði fengju slíka möppu ókeypis. Ákveðið að leita eftir sýnum og fá verðtilboð fyrir næsta fund.

4. Finnskír amatörar hafa haft samband og spurst fyrir um möguleika á að koma og keppa héðan í CQ WW CW keppninni 1999. Ákveðið að bjóða þeim til að slást í hópinn undir kallmerki félagsins, en þeir hafa hug á að setja markið hátt, lágmarkið væri að vinna keppnina, takmarkið að setja nýtt heimsmet! Þá hefur Hillar, N6HR lýst áhuga á að koma í sumar og vera með í IARU keppninni í júlí.

Framhald á síðu 14

Reikningar ÍRA fyrir árið 1998

Athugið að reikningar fyrir árið 1998 eru óendurskoðaðir og gætu því breyst (Ritstjóri)

Íslenskir Radióamatörar	Árið 1994	Árið 1995	Árið 1996	Árið 1997	Árið 1998
Tekjur					
Greidd árgjöld	239.000	253.711	216.000	250.500	280.000
Vaxtatekjur	14.536	924	20.248	25.103	159
Aðrar tekjur.....	8.882	0	40.000	0	0
Framlög	24.500	0	0	0	105.000
Tekjur alls	286.918	254.635	276.248	275.603	385.159
Gjöld					
Húsaleiga.....	82.052	0	0	0	0
Rafmagnskostnaður	17.214	0	0	16.926	0
Fundakostnaður	15.500	12.100	0	24.182	9.910
Ritföng, pappír, póstkostnaður	40.620	4.750	57.178	56.684	29.613
Prentun, ljósritun	31.308	0	0	28.000	65.819
Bankakostnaður	1.032	391	429	1.213	0
Önnur gjöld	790	25.254	34.030	63.808	81.997
Afskrift		100.000	150.000	0	100.000
Gjöld alls	188.516	142.495	241.637	190.813	287.339
Hagnaður af reglulegri starfsemi	98.402	112.140	34.611	84.790	97.820
Efnahagsreikningur pr. 31. desember					
Sjóður	16.088	16.088	16.088	0	0
Annað	7.294	27.857	27.757	0	0
Millifærslureikningur #0077	0	170.103	70.023	102.283	89.676
Ávísanareikningur #13995	117.451	108.779	73.609	29.157	70.969
Ávísanareikningur #1013	10.919	10.946	10.983	11.023	11.064
Ávísanareikningur #1810	46	0	0	0	0
Tæki, áhöld , húsbúnaður	179.536	86.936	241.121	359.451	399.501
Landsbréf	257.280	277.280	296.800	320.480	344.000
Kort	455	0	0	0	0
Inneign hjá viðskiptamönnum (Félögum) ...	18.857	0	21.663	0	0
Eignir alls	607.926	697.989	758.144	822.394	915.210
Skuldir					
Aðrar skuldir	0	0	0		
Skuldir vegna rafmagns	0	0	0		
Skuldir við viðskiptamenn	22.077	0	25.544	5.004	0
Skuldir alls	22.077	0	25.544	5.004	0
Eigið fé 1. janúar	487.447	585.849	697.989	732.600	817.390
Hagnaður af reglulegri starfsemi	98.402	112.140	34.611	84.790	97.820
Eigið fé 31.12	585.849	697.989	732.600	817.390	915.210
Skuldir og eigið fé alls	607.926	697.989	758.144	822.394	915.210

Desibel

Þegar menn standa frammi fyrir því að reikna í desibelum, finnst sumum að betra sé að snúa sér að einhverju öðru. Það er hins vegar svo, að notkun desibela í útreikningi er hin besta leið til að skilja samhengið milli tveggja ólíkra stærða burtséð frá því við hvað þær miðast.

Hvað er desibel?


Fyrst og fremst er að gera sér grein fyrir að desibel hefur sjálft ekkert gildi. Reyndu að klappa saman höndunum með aðra höndina bundna fyrir aftan bak. Já, þú þarft báðar hendur til að þetta gangi upp. Á sama hátt, þegar reiknað er í desibelum, þarf að hafa viðmiðun, annars hafa útreikningarnir enga þýðingu. Af þessum sökum er á ýmsum upplýsingablöðum og ritum talað um dBW. Með þessu er desibelgildið miðað við watt, eitt watt. Desibel er í raun

hægt að miða við hvað sem er. Tökum til dæmis desibel "tepoka", sem viðmiðun. Vegna þess að aukning um 3dB er tvöföldun, tvöfaldast fjöldi tepokanna við 3dB aukningu. Sama er að segja um sendinn þinn, sem sendir út 10 wött. Ef aflið er aukið um 3dB, sendir hann út 20 wött. Ef þú aftur á móti minnkar aflið um 3dB, sendir hann út 5 wött. Eftir að við höfum komið okkur niður á, hvað það er, sem miða skal við, tepokar, wött eða annað, er oft sleppt tilvísuninni og aðeins skrifað dB. Í upplýsingum um "linear"-magnara lesum við að hann hafi 20dB ávinning (gain). Þetta þýðir að aflið út er 100 sinnum það afl, sem er sent inn á hann. Aflið er það, sem við erum að athuga núna. Eiginlega hefði átt að standa dBW, en er stytta í dB. Þegar allt kemur til alls, til þess að dB fái raunverulegt gildi, þarf að miða það við þekkta stærð af einhverju tagi (dBW= desibel miðað við 1 watt). Með desibel er hægt að vinna í plús, mínus, margföldun og deilingu. Tilgangurinn með útreikningum í desibelum er að sjá hlutfallið milli tveggja

stærða. Þetta er mikilvægt, vegna þess að útreikningur með föstum stærðum, getur gefið ólíkar niðurstöður. Ef til dæmis afl 2ja watta sendis er aukið um 2 wött er það tvöföldun á aflinu (3dB). Ef afl 100 watta sendis er aukið um 2 wött, er það aðeins aukning um 2% eða 0,086 dB. Til þess að ná sama hlutfalli (3dB) þarf að auka aflið um 100 wött upp í 200 wött.

Nú kemur að stærðfræðinni, sem er ekki svo flókin, en fyrst eru það formúlurnar:

1. Þegar dBW er breytt í afl: $\text{Watt} = \text{antilog}(\text{dBW}/10)$.
2. Þegar afli er breytt í dBW: $\text{dBW} = 10(\log W)$.
3. Mismunurinn milli tveggja aflstærða í dB: $\text{dB} = 10(\log W1/W2)$.



Það er nú það. En það eru aðrar leiðir til. Samkvæmt skilgreiningunni er dBW desibel miðað við 1 watt og samkvæmt

formúlu 1. er 0 dBW jafnt og 1 watt ($\text{antilog } 0 = 1$) Við útreikning samkvæmt þessum formúlum er + 1 dBW=1,2589w, +2dBW= 1,5849w, +3dBW= 1,9953w og + 10dBW=10w, sem rúnnast í 1,25w; 1,6w ; 2w og 10w, sem er nógu nákvæmt undir venjulegum kringumstæðum.

Að ofan var minnst á aðrar leiðir við útreikning með desibelum. T.d. að margfalda með 10 fyrir hver 10 dB. Þannig sérð þú að 20dB eru jafnt og 100 sinnum ($10\text{dB}+10\text{dB}= 10 \times 10$) og ef þú byrjar með 4 wött og eykur aflið um 20dB er útkoman $4 \times 10 \times 10 = 400$ wött.

Önnur leið er að tvöfalda aflið fyrir hver 3dB, eða margfalda aflið með 1,25 fyrir hvert desibel í aukningu, sem er ekki 100% nákvæmt, en nægir okkur.

Notagildi

Þú ætlar t.d. að kaupa þér sendi og í upplýsingum um hann stendur að hann gefi út +26 dBW. Ef

0dBW er jafnt og 1 watt, þá má skipta upp 26 dB á eftirfarandi hátt: $+10\text{dB}+10\text{dB}+3\text{dB}+3\text{dB} = 26\text{dB}$, sem einnig má rita $10*10*2*2 = 400$ eða 400 wött. Fyrir þá nákvæmustu er þetta ekki alveg rétt, en þeir fengju út 398,107 wött, sem er u.þ.b 0,02dBW minna en 400 wött, en mismunurinn er vart læsilegur á mæli.

Ef þú ert nú farinn að skynja þetta með desibelin, má fara að athuga hvernig ýmsir loftnetafra-
leiðendur auglýsa gæði framleiðslunnar. Það er t.d. talað um að ákveðið loftnet hafi 14 dB ávinning. Hvaða 14 dB, við hvað er miðað, fataslá eða nagla? Þessi tala er þýðingarlaus, það er engin viðmiðun. Annars staðar er talað um t.d. 13 dBd eða 13 dBi og þarna er komin viðmiðun. Litla d-ið táknar dípól og i-ið táknar isotrop. Dípól þekkjum við sem grunnloftnet, sem mörg önnur eru hönnuð eftir, en hvað er isotrop-loftnet. Það er teoretískt loftnet, sem hefur kúlulaga útgeislunarform, þ.e. geislar jafnt í allar áttir. Ávinningur dípóls miðað við isotrop-loftnet er u.þ.b. +2dBi og ef sagt er að loftnet hafi 3dBi (ávinning) er það aðeins um 0,9dB betra en dípól. Margir framleiðendur gefa ávinninginn í dBi, en standi aðeins dB, má ganga út frá því að átt sé við dBi.

Dæmisaga úr raunveruleikanum

Bjarni, nýorðinn radióamatör, býr í nokkurra tuga kílómetra fjarlægð frá Ársæli. Þeir eiga í erfiðleikum með að ná sambandi á nýju handstöðvunum á 70 sentímetrunum. Sambandið er skaplegt ef Bjarni fer upp á húspakið hjá sér. Það er augljós þörf á að setja upp útiloftnet og bæta ávinninginn miðað við handstöðvarloftnetið.

En þar sem Bjarni hefur ekki lesið mikið um desibel, fer hann og kaupir loftnet með 13dBd ávinningi. Auk þess verður hann sér úti um notaðan koaxkapal, tengi, loftnetaskiptara og aflmæli og með krafti byrjandans er búið að setja allt upp fyrr en varir. Nú skal talað!

Ekki er þó uppsetningunni fyrr lokið en vonbrigðin koma í ljós. Þetta var bara ekkert betra en þegar hann húkti á þakinu! Heldur verra, ef eitthvað var og loftnetið með 13dBd ávinning!

Á klúbbfundi lofaði Villi að hjálpa Bjarna að komast að því, hvers vegna ástandið hafði ekki batnað, en Villi varð heldur skrytinn á svip, er hann sá uppsetninguna. Loftnetið var í lagi, en 6 hæða hús

með sjakkinn á neðstu hæð, ómerktur koaxkapall, sem virtist geta verið RG58, 40 metra langur og þar að auki samtengdur á þrem stöðum, loftnetaskiptirinn og aflmælirinn.

Já, Bjarni minn, segir Villi, þetta gengur aldrei. Já, en þetta er 13dBd ávinningur, segir Bjarni. Jamm, muldrar Villi, það er ekki bara loftnetið, heldur allt hitt líka. Koaxbútana fékkstu væntanlega fyrir lítið, ekki satt? Í þeim er að minnsta kosti 35dB deyfing í hverjum 100 metrum og tengin eru heldur ekki tapslaus. Við skulum reikna í desibelum, segir Villi. Loftnetið er +13dB, 40 metrar af koaxkapli = -14dB, 3 tengi - 0,5dB hvert = -1,5dB, loftnetaskiptari -0,5dB og aflmælirinn -0,5dB. Þetta verður því $+13\text{dB}-14\text{dB}-0,5\text{dB}-0,5\text{dB}-0,5\text{dB}-0,5\text{dB} = -3,5\text{dB}$.

Þú ert með deyfingu í loftnetskerfinu og það er varla helmingur aflsins í sendinum, sem nær út í loftnet. Þú nærð betri árangri, ef þú ferð upp á þak með handstöðina. Þú gætir byrjað á að fá þér betri kapal, sem þú leggur í heilli lengd, stystu leið upp í loftnetið og þá ætti þér að ganga betur, segir Villi.

Tafla 1: Sambandið milli afls og desibela.

dB	margföldun	
+30	1000	sinnnum
+20	100	sinnnum
+10	10	sinnnum
+3	2	sinnnum
+2	1,58	sinnnum
+1	1,25	sinnnum
0		engin breyting
-1	0,8	sinnnum
-2	0,63	sinnnum
-3	0,5	sinnnum
-10	0,1	sinnnum
-20	0,01	sinnnum
-30	0,001	sinnnum

Þessi grein er eftir GOUKA og birtist í RadCom, en ég þýddi hana úr SCAG-news.

73 de TF3GB

Gjaldkeri segir að enn sé hægt að greiða gjaldfallin félagsgjöld fyrir aðalfund.

Hugleiðingar um kennslumál

Í CQ TF er stundum rætt um kennsluefni og hvað gera skuli í þeim málum. Safna saman því sem til er, skoða erlent efni og jafnvel þíða einhverja kennslubók. Mig langar til að fara nokkrum orðum um þessi mál út frá minni reynslu.


Fyrsta kennslubókin í amatörfræðum sem ég komst í kynni við var “Grundlæggande Amatörradioteknik” sem Föreningen Sveriges Sändareamatörer gaf út. Þetta mun hafa verið í kringum 1975 og var þessi bók oft notuð á radíóamatör námskeiðum hér í Noregi á þeim tímum. Þetta var að mörgu leiti ágæt bók, hafði til dæmis kafla um grundvallar atriði í stærðfræði. Ókostirnir voru svo að bókin passaði ekki að öllu leiti við Norskar aðstæður og þó tungumálin séu skyld er tæknimálið nokkuð ólíkt.

Nokkrum árum seinna tók ég að mér að kenna á námskeiði og notaði þá 6. útgáfu af “Vejen til Sendetilladelsen” sem Eksperimenterende danske radioamører (EDR) gáfu út. Það var frekar létt að kenna eftir þessari bók. Hún var vel uppbyggð, og þurfti litlu við að bæta en sumu að sleppa og mörg tækniorðin eru þau sömu og í Norsku. Einhverjar fleiri bækur hef ég séð en enga þeirra hefði verið hægt að þíða og nota án meiri eða minni breytinga. Best er að þurfa ekki að nota erlendar bækur á svona námskeiðum. Fólk sem ekki vinnur í sambandi við raftækni hefur yfirleitt nóg með að læra radíófræðin þó að það þurfi ekki að læra tungumál um leið.

Árið 1982 stofnaði Norsk Radio Relæ Liga (NRRL) ritstjórnarnefnd sem fékk 20 amatöra til að skrifa það sem síðan var saumað saman í bókina “ALFA, BRAVO, CHARLIE for radioamatører” sem kom út 1987. Því miður reyndist vera mikið af prentvillum í bókinni og ekki þótti hún heldur nógu vel sniðin fyrir kennslu. Úr þessu var svo bætt með nýrri útgáfu 1994. Eftir að tæknileyfið (LC) kom hafa verið gefin út tvö hefti sem eru hluti af námsefni

fyrir það próf. Hér í Noregi hafa verið gerðar tilraunir til að hafa amatörradíó sem valgrein í skólum. Ekki ætla ég að rekja þau mál hér en benda á tvær athyglisverðar greinar í Amatørradio nr. 9, 1998 s. 26 og nr. 11, 1998 s. 18.

Eins og sjá má af ofanskráðu hefur það vafist fyrir stærra félagi en ÍRA að gefa út kennslubók fyrir radíóamatöra. Mikils er um vert að vel takist og að mörgu er að gá. Fyrsta atriðið er að athuga hver staðann er í prófnefnd og hvaða áhrif nýjar hugmyndir um flokkun leyfa og prófkröfur geta haft á hugsanlega kennslubók (CQ TF maí 1998). Síðan þarf að skilgreina tilganginn með bókinni. Á hún að vera námsefni fyrir öll prófin, N, A/T og C eða er betra að nota “Námsefni til nýliðaprófs” eftir TF3KB fyrir N-prófið og láta C-prófið bíða ?



Íslenskir amatörar eru óeðlilega fáir miðað við mannfjölda og þá sérstaklega utan suðvestur hornsins. Ein af mörgum ástæðum getur verið vöntun á heppilegri kennslubók. Það þarf því að vera hægt að nota bókina bæði á námskeiðum og til sjálfnáms. Mikilvægt er að hafa góða samvinnu við Póst og fjarskiptastofnun. Ósennilegt er að fjarskiptastofnun vilji leggja blessun sína yfir slíka bók og segja að hún fullnægi öllum kröfum sem námsefni fyrir ákveðin próf en ef hægt er að fá umsögn og ráð frá stofnuninni er mikið unnið.

Ekki er hægt að búast við að sala á bókinni geti á nokkurn hátt staðið undir kostnaði svo höfundar geta ekki búist við launum fyrir sína vinnu. Dettur mér einna helst í hug að best væri að hafa þetta “opið” verkefni á netinu. Mætti hugsa sér að prófnefnd eða arftaki hennar legðu drögin með því að setja upp fyrirsagnir og væri þá ef til vill hægt að nota “Reglur um radíóleyfi áhugamanna” 4. gr. c. 1 - 20. Það er að segja frá “Ohms lögmál og notkun þess.” til “Lífgun úr dauðadái af völdum raflosts”

Framhald á síðu 14

Loftnetið

Kveðjur frá Tokyo og öllum félögum í TIARA (Tokyo International Amateur Radio Association). Ég var búinn að lofa þér fréttum af amatörstarfinu í Japan, en hér er svolítið sem mér þótti svo spennandi að ég ákvað að bíða með þær og segja þér þetta fyrst.

Þetta hófst all með rannsóknum sem Ed Coan (AH7L/7J1AAE) gerði á útgeislun loftneta, með forriti í tölvunni og A/D breytinum í FT-1000 stöðinni sinni. Hringlaga og jafnvel bakgeislandi mynstur útgeislunarinnar á loftnetum margra félaga okkar hér sýndi okkar fram á að það sem góð stöð virkilega þarfnast er gott loftnet. Loftnetið hans Ed lítur einmitt út fyrir að vera gott og árangur hans staðfestir það svo sannarlega. Hann er með regluleg sambönd við stöðvar í Colorado og Main, rétt eins og sólblettir skipti engu máli. Mini-beamið mitt stenst því engan veginn samanburð.

Nú, ég fór að velta fyrir mér hvað við blokkaribúar í Tokyo gætum gert og komst að því að vandamálið er plássleysi! Hvernig á að koma fullvöxnu loftneti fyrir á svölum? Spólur eru lausnir á því, en jafnframt nýtt vandamál því geislunarviðnám loftnetsins fellur þegar þverviðnám kemur í stað lengdar. Þá myndast háar straumlykkjur og aflinu er sóað í loftnetinu í stað þess að því sé geislað út. Bara ef loftnetið gleypir nú ekki aflíð. Hmmm... sjáum nú til, $P=E^2/R$; nú ef R væri næstum 0 þá ...

Ég er í sambandi við nokkrar rannsókarstofur í Tokyoháskóla í tengslum við starf mitt og það sem er enn betra, ég þekki japanskan amatör sem er í lokanámi. Sú hugsun hafði nefnilega hvarflað að mér


hvort ekki mætti gera ofurleiðandi loftnet. Það krefst alkulsnálgun, þ.e.a.s. nálægt mínus 273 stig á Celsius. Mér tókst að vekja áhuga þeirra í háskólanum á verkefninu og við smíðuðum tengiflögu úr kísil jafngilda 10 metra dípól. Þeir lögðu heilmikla vinnu í að raðtengja spólur á flöggunni og að lokum hafði okkur tekist að smíða úr þessu ofurleiðandi yagi-net. Ég kom með TS-

930 stöðina mína á rannsóknarstofuna fyrir fyrstu tilraunina og áður en við tengdum stöðina mældum við við netið, sem reyndist resónant á 3.126 MHz. Það virðist sem venjulegar reiknireglur um span gildi ekki um ofurleiðandi efni það þarf miklu færri vöf þannig, en við stofuhita, til að ná sama árangri. Mörgum mælingum og tilraunum seinna höfðum við tíu metra resónant loftnet á flöggunni. Þá settum við 40 elementa greiðu á hverja flögu og 4 flögur í eina samtengingu. Þannig höfðum við útbúið 160 elementa array fyrir 10 metra sem var innan við 15 sm³, eða 2,5 sm á kant.

Fyrsta tilraunin gekk ekki vel. Ég tengdi TS-930

stöðina við ofurleiðandi flöguloftnetið og tjúnaði á 10 metra. Við stofuhita heyrðum við ekkert. Rannsóknarmennirnir settu þvínæst varmadæluna af stað til að koma loftnetinu í ofurleiðniástand. Ég var stórhreifinn af því hve þetta tók allt lítið pláss og var að hugsa að þetta kæmist sennilega allt fyrir í sjakknum hjá mér. Um leið fraus TS-930 stöðin í bókstaflegri merkingu, sem hafði afar slæm áhrif á hæfni hennar til að virka. Þetta ætlaði ekki að verða auðvelt og greinilegt að það þurfti að huga betur að útfærslunni á kóax tenginu.

Við reyndum að endurhanna flögurnar til að kúpla spanstrauminum frá þeim en fundum enga leið til að koma merkinu frá arrayinu þannig. Til allrar



hamingju gátu tæknimennirnir komist yfir nýtt keramikefni, sem er gætt þeim eiginleikum að það leiðir RF straum en ekki varma. Sennilega eitthvað sem Kyocera fann upp einmitt fyrir svona tilfelli. Ég sendi TS-930 stöðina í amatörbúðina í Akihabara og það þá um að lappa upp á hana fyrir mig. Vinur minn, Suzuki-San, JH1WWC, (verslunarstjóri í búðinni) spurði hvernig málningin hefði flagnað af við kóaxtengið elding kannski? Nei, ég fullvissaði hann um svo væri ekki, bara smá kuldi, en ég sagði ekki hve kuldinn var mikill. Verkefnið okkar mátti ekki fréttast á því stigi og þar að auki getur Suzuki-San gert við allt, sama hvernig það bilaði.

Þar sem það leit út fyrir að nokkurn tíma tæki að koma TS-930 stöðinni í gang kom ég með TS-940 stöðina mína, ég átti hvort sem er í pöntun Yaesu FT-1000 stöð sem ég myndi nota heima. Eftir að við vorum búnir að fullvissa okkur um að ofurleiðandi loftnetið væri resónant á 10 metrum tengdum við TS-940 stöðina. Keramiktengið virkaði og stöðin var í fínu standi þegar við byrjuðum kælinguna. Bandið virtist alveg dautt, jafnvel þegar hitinn var kominn niður í mínus 150 gráður. Það tók tíu mínútur enn að fá loftnetið ofurleiðandi og þá brann TS-940 stöðin yfir. Það virtist sem loftnetið hefði mun meira gain en stöðin réði við. Síðari mælingar sýndu að spennan úr loftnetskaplinum var yfir 500 volt. Ótrúlegt, en hvað vissum við svosem um ofurleiðandi loftnet á þessum tíma. Ég sendi TS-940 stöðina til Suzuki-San, og nú varð hann alveg gáttaður. Inntakið á stöðinni leit út eins og eldingu hefði slegið niður í það, en engar áhyggjur, Suzuki-San getur gert við hvað sem er!

FT-1000 stöðin kom einmitt tímanlega til að halda tilraununum áfram. Við smíðuðum QSK deyfingu til að verja stöðina. Með ofurleiðniloftnetið enn inni á rannsóknastofunni ákváðum við að reyna að ná sambandi á 10 metrunum. Og hvílík undrun þegar það fór að ganga! Það fyrsta sem við heyrðum voru tveir W2 náungar að tala saman lókal, og það var með 80dB deyfingu á.

Loftnetið var á snúningsfæti, við færðum það um hálfra gráðu og W2 stöðvarnar duttu út. Hvílík stefnuvirkni! Við stilltum á þá aftur og þar sem þeir voru einmitt að ljúka sambandinu ákváðum við að reyna hvort við næðum sambandi. Stöðin var stillt á 50W í dummy load, við gáfum N2BA kall. Hávaðinn var ótrúlegur, rafhlaðinn geislavöndur

skaust frá loftnetinu og skall á veggnum á rannsóknastofunni og við stöðum á gat á veggnum. Nokkurntíma velt fyrir ykkur hvernig sendingin lítur út í þrívídd? Það var sporöskjulaga gat á veggnum, upb. sentímetri á hæð og um tveir á breidd. Við stöðvuðum sendinguna samstundis. N2BA birtist á tíðninni nokkrum mínútum seinna og sagðist vera á varastöðinni, eitthvað hefði slegið aðalstöðina út og hún væri óvirk. Stöðin sem hann hafði verið að tala við kom ekki í loftið svo við ákváðum að senda ekki aftur fyrr en við vissum hvað væri um að vera.

Eftir því sem við komumst næst hafði loftnetið 120 dB gain yfir dípól, en geislunarvídd aðeins 0,75 gráður miðað við 60 dB punkta. Með 50 watta sendingu er því virkt geislað afl 55 quadrilljón wött í miðju geislans (5,5 með 13 núllum). Samstundis og háskólayfirvöldum var kunnugt um hvað við höfðum smíðað var verkið tekið af okkur og afhent japanska varnarmálaráðuneytinu. Enn á ný hafði dútl radíóamatöra leitt til einhvers, en til hvers er ég ekki viss núna. Haldið þið að einhver hefði áhuga á þessu fyrir stjörnustríð? Ég ætla í öllu falli að nota eitthvað minna í sniðum í næstu CQ World Wide keppni!

Nokkrum mánuðum síðar var haft samband við okkur alla, sem höfðum tekið þátt í tilrauninni og við spurðir hvar við hefðum verið staddir við loftnetið meðan á sendingunni stóð. Eftir því sem ég komst næst vorum við í núllinu fyrir aftan loftnetið. Það virðist líklegast nú að þetta verði helst hægt að hagnýta sem stórvirkt sóthreinsunartæki, en þá einungis notað með fjarstýringu.

Einmitt þegar ég er að ljúka þessum skriftum er mér tjáð að vinur minn Suzuki-San geti þrátt fyrir allt ekki gert við hvað sem er. Hann er búinn að afskrifa TS-930 og TS-940 stöðvarnar. Ég komst líka að því að áður en háskólinn hætti við tilraunaverkefnið reyndu þeir einu sinni enn með FT-1000 stöðinni minni, en án 100 dB deyfingarinnar til að verja móttakarann. Hún lítur nú eins út og 940 stöðin og sennilega kemst ég ekki í loftið á næstunni.

Best 73, Joe Speroni, AH0A/7J1AAA
Ex-Technical Adviser - TIARA
1 April 1997

Námskeið til prófs amatöra vorið 1999

Nú seinni hluta vetrar og fram á vor verður haldið námskeið til áhugamannaréttinda í fjarskiptum, svokallaðra radióamatör réttinda.

Námskeiðið er haldið af Íslenskum radióamatörum, ÍRA, og verður í Þróttheimum við Holtaveg á fimmtudagskvöldum frá febrúarbyrjun og til aprílloka.

Markmið námskeiðsins er að veita þátttakendum færni og þekkingu sem nægi til þess að standast próf hjá Póst og fjarskiptastofnun, hafi þeir lagt sig nægilega fram við námið.



Skráning þátttakenda fer fram sem hér segir:

- Á fimmtudagskvöldum í Þróttheimum, þar sem félagsaðstaða ÍRA er, og námskeiðið fer fram.
- Með tölvupósti til stjórnarmanna, sjá heimasíðu ÍRA, www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html.
- Í talhólfi 881 2158, þar sem lesa má inn nafn og símanúmer og verður þá haft samband við viðkomandi.

Námskeiðsgjald er kr. 7.500 og eru námsgögn innifalín í því verði, þar á meðal nýjasta útgáfa ARRL handbókarinnar (upb. 1200 bls. biblía radióamatöra).

Á námskeiðinu verður farið yfir hvaðeina sem þarf til að verða radióamatör, sbr. reglugerð um fjarskipti áhugamanna frá 1981, m.a. grundvallaratriði rafmagnsfræðinnar, loftnetafræði og dreifingu radióbylgna, mótunaraðferðir (SSB, AM, FM, CW), uppbyggingu móttakara og sendis, lög og reglur um fjarskipti.

T-leyfi gefur réttindi til að tala með fjarskiptataeki á metrabylgju (VHF og UHF), mest 50W
A-leyfi gefur öll T-leyfis réttindi auk þess að mega nota mors á stuttbylgju. Þegar A-leyfishafar hafa

verið virkir notendur í 6 mánuði geta þeir sótt um aukin réttindi án frekara prófs og fá þá einnig réttindi til að tala á stuttbylgju og nota meira afl, mest 250W.

ÍRA er félag íslenskra radióamatöra og er það stofnað árið 1946. Félagar eru um 130 talsins. Tilgangur félagsins er að:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til

- viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem lið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radiópróttir meðal radióamatöra.
- Þróa radióamatörþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Félagar í ÍRA voru fyrstir hér á landi til að setja upp endurvarpa á metrabylgju þegar 'Pétur' var settur upp á Skálafelli árið 1978. Síðan hefur verið bætt við endurvörpum á Búrfelli í Þjórsárdal, á Vaðlaheiði og á Digranesheiði. Þá er UHF millitenging í Bláfjöllum sem þjónar Búrfellsendurvarpanum. Næst á dagskrá í endurvarpamállum er að koma einum slíkum upp á Steingrímsfjarðarheiði og hefur nú fengist leyfi fyrir radióvita þar í tilraunaskini til að kanna útbreiðslu merkis þaðan.

Stjórn ÍRA

MORSE-GAMAN

Gamanið er stílað á T-leyfishafa, sem kunna morse-stafrófið, svo og A- og B-leyfishafa sem vilja upptendrast.

Það verður tvíþætt:

1. menn komist í loftið á MCW (tónmótuðu morse) á 2 m og æfi sig í QSO-um hver við annan, og hugsanlega OTs sem slæðast með

2. menn hittist vikulega, efna í samkaup á morse-lyklum o.fl., smíða tóngjafa og tengibúnað, fá fræðslu um morse og morseviðskipti.

Starfsáætlun:

Vika telst byrja á fundardegi, efni fundarins er tilgreint og þátttakendur einbeita sér að því fram að næsta fundi.

Stjórn ÍRA ákveður og auglýsir meðal félagsmanna nokkrar 2 m tíðir til æfinganna. Það er mikilvægt að menn temji sér strax rétt samskiptaform og vandvirkni, þetta verða alvöru QSO á alvöru amatörtíðnum en ekki leikur á lokaðri rás!

1. vika

Greitt þátttökugjald. Á móti fæst:

Kit til að smíða K1EL raflykil, K9 (eða K10?), sjá <http://members.aol.com/k1el/>

Sagt verður frá eiginleikum og gefnar smíðaleiðbeiningar.

Má nota sem tóngjafa til að móta FM sendi. Getur sent morse-æfingu sjálfvirkt.

Tekin ákvörðun um sameiginleg innkaup á morslyklum. Hver þátttakandi **VERÐUR** að hafa bæði hnall (straight key) og árar (paddles).

Sjá t.d.

<http://www.mtechnologies.com/hk.htm#mk706>

<http://www.mfjenterprises.com/keys/mfj550.html>

<http://www.mfjenterprises.com/keys/mfj564.html>

<http://www.hamradio.com/> (skoði Bencher) (MFJ564 árar fá ágætt umtal, ódýrari en Bencher, en sagðar líkar.

MFJ550 er hræódýr hnallur, líklega nógu góður fyrir þetta, menn myndu síðar velja sér vandaðan lykil)

2. vika

Prófanir á nýsmíðuðum raflykli og/eða tóngjafa.

Ráðgast um tengingar og hæfilegan styrk tóns inn á FM-sendi. Hafa með sér stöðvarnar og/eða teikningar/handbækur. Hugað að hve langa sendingu stöðvarnar þola, hvort hægt sé að stilla afli eða veituspennu svo í hóf að það sé ekki takmarkandi. Hver þátttakandi ætlar að hafa uppsetta og starfhæfa stöð fyrir æfingarnar, tilbúna til notkunar hvenær sem er. Fyrstu prófanir í loftinu.

3. vika

Lokafrágangur tækja og stöðvar.

Smíði og prófun loftneta, t.d. Slána. Allt efni verði til staðar svo og SWR mælir. Æfingarnar færu varla fram á endurvarpa, þess vegna gætu margir

þátttakenda þurft að bæta loftnetskostinn til að vera með.

4. vika

Nú ættu allir að vera komnir í loftið á MCW. Fyrirlestur og útbýting á ýtarefni sem fjallar um helstu samskiptavenjur, skammstafanir o.s.frv.

Notkun hnalla. Menn hafi með sér sína lykla og tóngjafa. (TF3KB eða TF3DX)

5. vika

Fyrirlestur um morse-merkið sjálf, skilgreiningu á hraða o.s.frv.

Virgni og notkun raflykla. Menn hafi með sér sína lykla og tóngjafa. (TF3KB eða TF3DX)

6. vika

Supermorse æfingaforritið. (TF3VS)

7. vika

Fyrirlestur um morsesendingar með HF-tækjum. USB, LSB og “zero beat”. “Split”, QSK o.fl. (TF3KB eða TF3DX)

8. vika

Prófæfing, áður en menn fara í alvöru prófið (TF3KB). Ákvörðun um alvörupróf.

Hvernig stuðla megi að framförum eftir að komið er í loftið. (TF3DX) Framhald á síðu 14



Ævintýri úr útileikum

Laugardagurinn 4. ágúst var eins og bezt varð á kosið, ytra viðraði ágætlega og innra með mér var ég fullur kapps um að ná góðum árangri í fyrstu TF Útileikunum.

Eftir hádegissaltfiskinn var ekið um bæinn í leit að skikkanlegu QTH og margt kom nú til greina. Arnarhóll, Landakotstúnið, gömlu vatnsgeimarnir við Sjómannaskólan, Skólavörðuholtið.... Já, þar var Hallgrímskirkjan sem gnæfir hátt yfir allri höfuðborgarbyggðinni og mun þaðan freista radíóamatöra allra tíma, burtséð frá kirkjurækni þeirra. Ójá, hún freistaði mín.

Aftarlega við kirkjuskiptið standa enn vinnupallar frá jörðu og upp fyrir hvelvinguna sem rís aftast á byggingunni, upp fyrir þak hæð kirkjunnar. Með QRP sendiviðtæki frá 3ANN undir handleggnum hóf ég að feta mig upp vinnupallana og von bráðar var ég komin


alla leið upp í víðáttuna í samfélagi með reykvísku dúfunum sem flögruðu þarna allt umhverfis mig. Eftir að hafa dáðst að útsýninu drjúga stund kom ég upp loftneti á staðnum. Öllu heldur kom ég því niður, því netið var ekki merkilegra en hönk af örgrönnum magnetvír, hvers enda ég kastaði niður með lyklakippu á endanum. Þá gat ég lagst niður og farið að huga að sendinum í þessu ágæta QTH sem að líkindum var fullt eins fallið til andlegra sem jarðneskra sambanda, þótt hið fyrrnefnda yrði ekki reynt að þessu sinni.

Frá því er skemmst að segja, að þarna dvaldi ég í sjöunda himni og þótti gott að ná samböndum við 3UA/M og 3JB/M á loftnetsnefnuna mína þá arna og með 1w inn.

Adam var þó ekki lengi í Paradís, því eftir eitthvað 2ja tíma dvöl þar efra heyrðist valdsmannsleg rödd að baki mér og skipar mér að hypja mig niður til jarðarinnar hið snarasta. Röddin sú reyndist eiga

upptök í jarneskum (-mér létti...) búki sem klæddur var einkennisbúningi íslensku lögreglunnar og nú sá ég út undan mér hvar annar vörður laganna var á leiðinni upp félagu sínum til halds og trausts.

Sem sómakær og heiðvirður borgari bögglaðist ég við að reyna að skýra setu mína þar efra, en engu tauti var komið við yfirvaldið. Möglunarlaust tók ég saman föggur mínar og hélt niður í fylgd þessara félagu minn og dúfnanna efra.



Þegar komið var niður og mér þótti tími komin til að kveðja, voru vinir mínir ekki alveg á sama máli. Ég skyldi vessgú koma með niður á stöð og þeir ækju mér. Og ég átti einskis úrkosta annars en að setjast inn í Svörtu Maríu og þiggja ökuferðina. Hvar ég sat aftur í járn-

drekanum varð mér litið aftur úr og sá þar 3UA/M akandi á eftir í humátt. Leiðir skildu er rennt var í hlað á Hverfisgötunni og ég var leiddur inn. Fyrir utan skrifstofu varðstjórans beið ég í nokkrar mínútur undir traustu eftirliti en var svo vísað inn. Mér var hugsað til K6SSS vestur í Ameríku sem nággrannarnir sendu í DXpedition í tukhúsið. Hann hafði víst ekki litið sömu augum á loftnetin sín og turnana og nággrannarnir -út frá sjónarmiði fagurfræðinnar.

Núnú hér stóð ég og þuldi upp sögu mína fyrir varðstjóranum og kunningjum mínum tveimur sem aldrei slepptu af mér augum. Einhvern vegin fannst mér, þegar á leið, spennan í kringum mig dvína og mér létti þegar varðstjórinn tók að spyrja nánar um þetta undarlega áhugamál mitt. Satt að segja heyrðist mér hann hálf leiður yfir að hafa kannski eyðilagt fyrir mér útileikana og ég fullvissaði hann um að svo væri ekki. Loks var mér sagt að lögreglan

Framhald á síðu 14

Keppni, eitthvað fyrir þig?

Eitt kvöldið leit ég inn hjá vini mínum honum Con. Hann sat við tölvuna, niðursokkinn í eitthvað sem tók hug hans allan.

”Er eitthvað mikið um að vera ?” segi ég.

”Nei ég er nú bara að athuga fáeinar keppnisreglur”

”Æijá, þú ert einn af þessum gaurum sem fylla öll HF böndin með QRM heilu helgarnar.”

”Tjaaa ekki vildi ég nú taka þannig til orða, 10, 18 og 24 MHz eru ekki keppnisbönd og ekki er nú oft keppni á 160 m. Svo reynum við að sjálfsögðu að fylgja IARU ráðum um tíðnisvið fyrir keppnir.”

”En er ekki rosalegt að nota alla helgina í þetta ?”

“Það er til fjöldinn allur af stuttum keppnum. Sjáðu hérna hvernig árið byrjar. SARTG New Year Contest (RTTY) bara 3 tímar. Svo kemur AGCW Happy New Year (CW), líka 3 tímar. Næstu tvær eru 24 og 30 tímar og svona er þetta allt árið, bæði stuttar og langar keppnir og oft er skilda að taka einhverja hvíldartíma meðan á þessu stendur. Það er engin nauðsin að nota meiri tíma í þetta en maður hefur gaman af. Það er til dæmis hægt að vera bara

á einu bandi sem ekki er opið allan sólarhringinn. Þá takmarkast þetta á mjög eðlilegan hátt.”

“Já en ekki vinnur maður neina keppni með einhverju letilífi.”

“Það er alveg rétt. Ef maður ætlar að vinna einhverja stórkeppni þá þarf maður að finna sér heppilegan stað á jarðarkúlunni, hafa góð tæki og loftnet, vita hvenær böndin eru opin til mismunandi heimshluta, vera í góðri þjálfun og hafa svo

ögn af heppninni með sér. Í öllum öðrum keppnum er oft hægt að næla sér í veggfóður eða jafnvel fallega flís með eigin kallmerki án þess að ganga sér til húðar. Það er líka hægt að keppa við sjálfan sig, ná betri árangri en í firra eða leita bara að löndum sem mann vantar kort frá.”

“Já kortin Þiðir eitthvað að senda kort fyrir keppnissambönd?”

“Mín reynsla er sú að svarþrósentan virðist vera mjög svipuð í og utan keppni.”

“Hvað með dagbókina ? Það hlýtur að vera voða vinna að hreinskrifa dagbókina og reikna út punkta.”

“Þú færð að sjálfsögðu ekkert veggfóður ef þú sendir

ekki dagbókina en það er engin skilda og hefur litla þýðingu hafir þú bara haft fáein sambönd. Það er þó talinn almenn kurteisi að senda “checklog”, og er þá nóg að senda ljósrit af sinni venjulegu dagbók og ekki þarf að reikna út nein stig. Margir þeirra sem taka þátt í keppnum nota einhvern hugbúnað sem gefur hjálp við færslu dagbókar, segir hvaða sambönd gefa margfaldara, hvort búið er að hafa samband við ákveðna stöð og svo framvegis. Þegar keppni er lokið er líka dagbókin tilbúin með öllum útreikningum á stigafjölda. Ef maður ætlar að senda QSL kort fyrir samböndin er líka til hugbúnaður sem les dagbókarskrána, prentar kortin og fyllir þau út um leið.”

”Hvar finn ég keppnisreglur?”

“Á netinu eins og allt annað. Skoðaðu til dæmis <http://home.sol.no/~janalme/hammain.html> og <http://www.sk3bg.se/contest/>. Ókeypis hugbúnað “log2ps” sem prentar kortin finnur þú á <http://home.c2i.net/clank/ham/qs1.html> og ef þú notar kortin þín til að sækja um heiðursskjöl líttu þá á

<http://www.hamradio.de/awards/> Á SSB getur verið gott að hafa hjálp við að kalla CQ. Slíka rás finnur þú á <http://www.la3f.no/> undir Prosjektliste. Á RTTY og CW er góður hugbúnaður alveg ómissandi þó hann kosti nokkrar krónur. Ég get mælt með RTTY frá WF1B <http://www.wf1b.com> en aðrir mæla með OH2GI-Ham system á <http://sci.fi/~ejuhola/oh2gi/>. Þú verður svo sjálfur að finna út hvort þetta

eða eitthvað annað passar fyrir þig og þín tæki.”

”Þakka þér fyrir allar upplýsingar, en ég er nú ekki alveg viss hvort þessar keppnir eru eitthvað fyrir mig.”

”Eina leiðin til að komast að því er að prófa!”

1999.01.20 LA0BX



ÍRA félagar
Gjaldkeri minnir á
ógreidd félagsgjöld

Hugleiðingar um kennslumál frh.

Verið getur að til sé námsefni sem hægt er að nota sem texta og myndir í suma kaflana og skrifa svo hina smá saman.

Það tók fimm ár að skrifa norsku bókina, en ég ályt að ef þeir sem kenna á námskeiðum og aðrir góðir menn láta sitt af mörkum má ljúka þessu verki á mun skemmri tíma.

Það eru margir og miklir kostir við að nota netið við framleiðslu og dreifingu bókarinnar. Til dæmis enginn prentunar kostnaður og hægt að gera leiðréttingar og breytingar á einfaldan hátt.

Mér er full ljóst að þetta krefst mikillar sjálfböðavinnu og dugnaðar frá þeim sem taka að sér að vinna að, og stjórna þessu verkefni en ef litið er á það blómaskeið sem verið hefur í félaginu að undanfögnu þá hef ég trú á að bæði vilji og geta séu fyrir hendi til að hrinda þessu í framkvæmd.

1999.01.20. LA0BX

Fundargerðir stjórnarfundar frh.

5. Rætt um félagsfund, en framundan er aðalfundur. Ákveðið að hafa almennan félagsfund fyrir aðalfund ef nokkur kostur er þar sem fundarefnið væri tillaga prófnefndar til breytinga á reglugerð nr 625/1981, "Reglur um radíóleyfi áhugamanna". Yrðu tillögurnar kynntar þar og ræddar og gengið frá breytingatillögum. Hefðu menn síðan fáar vikur til umhugsunar og tækju síðan endanlega afstöðu á aðalfundi til málsins. Ákveðið að stefna að fundi um reglugerð 14. febrúar nk. og aðalfundi síðan 28. feb. TF3TXT var falið að ræða fyrirkomulag og dagsetningar við formann prófnefndar, TF3DX. 6. Bréf hefur borist frá TF5BW með lagabreytingatillögum. Lúta þær að dagsetningu aðalfundar og hafa verið birtar í CQ TF.

7. Bréf liggur fyrir frá TF3DX þar sem hann lýsir hugmyndum sínum að dagskrá námskeiðs fyrir T-leyfishafa og aðra sem vilja æfa sig til morseprófs Fundurinn fagnaði þessum hugmyndum og var einróma ákveðið að bæta þessu við fyrirhuguð námskeið.

8. Ritari greindi frá viðræðum við ráðamenn POF um mótunina F2A, en um þessa mótun er ekki getið í íslenskum reglum. POF sér að öllum líkindum

ekki á móti slíku leyfi skv. símtali og verður gengið frá því á formlegan hátt með bréfum að venju.

9. Bréf liggur fyrir frá POF þar sem félaginu er heimilað að setja upp sísendi á metrabylgju á Steingrímsfjarðarheiði til bráðabirgða.

10. Bréf hefir borist frá W2NSD með þökkum fyrir móttökur er þau hjón voru hér á landi í desember sl. Lauk hann sérstaklega lofsorði á kvöldverðarfundinn sem var í boði Landssímans sem hann kvað hafa verið óvenjulegan að því leyti að hann var ekki bara skemmtilegur heldur var maturinn einnig afbragðsgóður.

Fundi slitið kl. 23:30

Fundargerð ritaði TF3VS

MORSE-GAMAN frh.

Að sjálfsögðu stendur þetta öllum félögum ÍRA til boða og eru allir, sem áhuga hafa, hvattir til að taka þátt í þessu "Gamni".

Áhugasamir hafi samband við Guðjón H. Egilsson TF3WOT tölvupóstfang gudjonhe@treknet.is

Eftirtaldir radíóamatörar hafa nú þegar ákveðið að vera með.

TF3WOT, TF3KET, TF3VDT, TF3LFT, TF3RJT, TF3HKT, TF3JFT, TF3KST, TF3KKT, TF3JRT, TF3VS, TF3GW, TF3GB

Stjórn ÍRA

Ævintýri úr útileikum frh.

hefði fengið nokkrar tilkynningar úr hverfinu um "drukkinn mann sem klifrað hefði um alla kirkjuna og loks lagzt til svefns aftast á vinnupöllumum".

Auðvitað var mér skemmt við þessi tíðindi og var tekið af mér loforð um að tilkynna réttum aðilum um svona nokkra fimleika næst þegar mér dytti í hug þvíumlíkt.

Við skildum í mesta bróðerni, meira að segja þóttist ég hafa haldið fram máli hugsjónarinnar svo vel að þeir væru næstum gengnir í ÍRA. Með þessu lauk raunar skráðri þátttöku minni í 1. útileikum ÍRA því að heiman náði ég ekki fleiri samböndum á 1w. Þessi dagur var þó fyllilega umstangsins virði.

Sjáumst í næstu TF útileikum. 73 de TF3KX

Heimild Fréttabréf ÍRA 1. árg. 7. tbl. sept. 1979

Úr ýmsum áttum

Til sölu

Kenwood TS 820 og Heathkit HW-5400 á góðu verði.

Hafið samband við TF8GX í síma 421-5040 eða með tölvupósti til tf8gx@its.is

Ný kallmerki

Þrír ÍRA félagar hafa skipt um kallmerki að undanfögnu. TF3RBT er orðin TF3RB, TF3AOT er orðin TF3AO og TF3VST er orðin TF3VS.

CQ TF óskar þeim til hamingju og beðist er velvirðingar á að nokkur tími er liðin síðan sumar þessar breytingar urðu að veruleika.

CQ TF í Tölvupósti

Nú fyrir nokkru kviknaði sú hugmynd hvort ekki væri hagt að gera CQ TF þannig úr garði að hægt væri að senda ÍRA félögum blaðið í tölvupósti.

Útkoman var að sjálfsögðu var þetta hægt með því að skipta um hugbúnað sem blaðið hefur verið sett upp í og breyta blaðinu yfir í Adobe Acrobat Reader (PDF) form. Þannig náðist stærðin niður í þetta 400 til 500 k sem er ekkert mál að senda í tölvupósti og það sem betra er að gæðin verða meiri. Allar myndir sem upprunalega eru í lit verða í lit og hægt er að hafa litaðan texta og ýmislegt fleira í þeim dúr.

Hægt er að skoða blaðið í tölvu, þ.e.a.s. ef Acrobat Reader er í tölvunni en hann fæst frítt á netinu, prenta það út allt eða að hluta og fá út úr því miklu meiri gæði en þegar það er ljósritað.

Kannað var meðal þeirra ÍRA félaga sem hafa tölvupóstfang skráð hjá félaginu hvort áhugi væri fyrir þessari nýng. Ekki er hægt að segja annað en að undirtektir hafi verið góðar og hafa nú þegar yfir 30 félagar ákveðið að fá blaðið sent með þessu móti.

Það besta í þessu öllu saman er að með þessu móti sparar félagið umtalsverða fjármuni eða nú þegar um 25.000 krónur á ári, sem hægt er að nýta til annara þarfa til dæmis tækjakaupa.

Æskilegast væri ef hægt væri að send öllum félögum ÍRA blaðið með þessu móti en sennilega verður það ekki alveg á næstunni.

Hér með er skorað á alla þá sem hafa

tölvupóstfang en hafa það ekki skráð hjá félaginu að láta félagið vita af því og kanna hvort það sé ekki fýsilegur kostur að fá blaðið sent í tölvupósti. Það sama á við um þá sem ekki hafa nú þegar ákveðið að fá blaðið með þessum hætti en hafa skráð tölvupóstfang hjá félaginu.

Öll blöð frá og með 2. tölublaði 1997 eru komin í Acrobat Reader formi á vefsíðu ÍRA og þangað er hægt að sækja þau. Þar er einnig leið til að ná í Adobe Acrobat Reader. Einnig mun ritstjóri með ánægju senda þeim sem það vilja prufu eintak.

Hugsid ykkur að ef allir ÍRA félagar tækju CQ TF í tölvupósti þá hefðum við um 100.000 kr. á ári sem við gætum notað í annað.

73 de TF5BW ritstjóri CQ TF

MFJ 2m/70sm bílloftnet með segulfestingu.



MFJ bíður upp á nokkrar gerðir 2m/70sm bílloftneta úr riðfríu stáli með segulfestingum. Þar á meðal eru MFJ-1724B sem er 48 sm langt með 9sm segulfæti og 4,5m coax, PL-259 tengi og millistykki fyrir BNC fylgir með. Verðið er 15 USD í USA.

Síðan er MFJ-1729 sem er 70sm langt með 9sm segulfæti og 3,6m coax, PL-259 tengi og millistykki fyrir BNC fylgir með. Verðið er 30.00 USD í USA. Bæði loftnetin ráða við 300W PEP.

Heimild QST

Viltu breyta handstöðinni þinni í endurvarpa.

RadioShack bíður nú upp á simplex repeater controller fyrir nokkrar gerðir handstöðva. Þessi controller tekur, á stafrænan hátt, upp innkomið merki og lykklar síðan sendirinn og spilar sendinguna og sendir smá hljóð-merki þegar sendingu er lokið. Með þessu móti er hægt að setja upp einfaldan endurvarpa nánast hvar sem er og á mjög ódýran hátt.



Heimild QST

Félagsfundur - Aðalfundur

Stjórn ÍRA boðar til félagsfundar í Þróttheimum
sunnudaginn 14. febrúar 1999 kl. 13.00

Fundarefni:

Reglur um radióleyfi áhugamanna
Önnur mál.

Aðalfundur ÍRA

verður haldin í Þróttheimum
Sunnudaginn 28. febrúar 1999 kl 13.00

Fundarefni:

Venjuleg aðalfundarstörf

Félagar ÍRA eru hvattir til að fjölmenna á báða
þessa fundi og láta skoðanir sínar í ljós



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA

YAESU